



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2018

**Efni: Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um sálfræðiþjónustu í opinberum háskólum. Lagt fyrir 148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 181 - 112. mál.**

Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar 181. þingsályktunartillögu um aukið aðgengi að sálfræðiþjónustu í opinberum háskólum. Nýverið gerði sviðsráð Stúdentaráðs á Heilbrigðisvísindasviði könnun á andlegu álagi og streitu meðal nemenda við Heilbrigðisvísindasvið. Könnunin var send út á 2.317 nemendur og svöruðu 809 nemendur könnuninni, eða 35% nemenda. Niðurstöður könnuninnar leiða meðal annars í ljós að nemendur við Heilbrigðisvísindasvið finna fyrir umtalsverðu andlegu álagi:

- 87% svarenda svöruðu að þau hefðu fundið fyrir andlegu og eða líkamlegu álagi í meira en tvær vikur.
- 72% telja að andlegt álag sé sökum langvarandi streituástands
- 14% svarenda höfðu þurft að seinka sér eða taka hlé frá námi vegna álags

Könnun þessi náði einungis til nemenda eins sviðs af fimm sviðum Háskóla Íslands, en áhugavert er að bera saman niðurstöðurnar við aðrar rannsóknir á streitu og andlegri líðan háskólanemenda. Ein slík sýndi nýverið að um þriðjungur svarenda fann fyrir klínískum einkennum þunglyndis.

Borið hefur á því að ungt fólk þurfi að neita sér um sálfræðiþjónustu sökum kostnaðar en í dag kostar stakur tími hjá sálfræðingi um 12-15 þúsund krónur og því getur kostnaður við sálfræðimeðferð hlaupið á hundruðum þúsunda króna. Stúdentar eru tekjulágur hópur, sem nýtir sér námslán að miklu leyti, og því er ekki hlaupið að því að sækja sér meðferð sem getur reynst einstaklingi lífsnauðsynleg. Erlendar rannsóknir sýna að nemendur nýta sér frekar þjónustu í nærumhverfi sínu og að yngra fólk er líklegra til að fresta heimsóknum á heilsugæslustöðvar.

Með samþykkt 181. þingsályktunartillögu um aukið aðgengi að sálfræðiþjónustu í opinberum háskólum myndi Alþingi sýna ábyrgð og metnað í að stuðla að bættri geðheilsu háskólanema. Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar þeim áherslum og hvetur Alþingi til sóknar í bættu geðheilbrigði landsmanna.

*Virðingarfyllst fh. Stúdentaráðs Háskóla Íslands  
Ragna Sigurðardóttir formaður*